

Franska er rómanskt mál, en þau eiga uppruna sinn í latínu. Franska er ellefta mest notaða tungumál heims.

Á miðöldum urðu miklar breytingar á sviði bókmennta í Frakklandi sem og víðar. Klerkar og aðrir kirkjunnar menn höfðu stjórnað bókmenntahefðinni fram að því, en nú tók yfirstéttin við.

Skáldskapurinn var notaður til að auka eigin hróður eða upphefja ættir manna. Ástarljóð og hetjuljóð voru í hávegum höfð og einnig sögur í formi ljóða. Þekktustu verk frá miðöldum eru *Tristan og Ísold* og *Lancelot og hið heilaga gral*, en höfundar eru ókunnir.

Frakkar lögðu grunn að bókmenntahefð sinni á 17. öld, og endurspeglar sá grunnur menningarsögu þeirra. Á 18. og 19. öld var blómaskeið í frönskum bókmenntum og kveðskap. Meðal þekktustu höfunda átjándu aldar voru heimspekingarnir Voltaire og Rousseau ásamt barnabókahöfundinum Perrault, sem skrifaði meðal annars sögurnar um *Stígvélaða köttinn*, *Þyrnirós*, *Öskubusku* og *Bláskegg*.

Karlmenn eru sem fyrr hvað sýnilegastir í franskri bókmenntahefð 19. aldar. Victor Hugo er einna frægastur fyrir *Vesalingana* og *Hringjarann frá Notre-Dame (Maríukirkjuna í París)* og Alexander Dumas fyrir sögur sínar um *Skytturarnar þrjár* og *Greifann af Monte Christo*. Síðast en ekki síst skal nefna brautryðjanda vísindaskáldskapar, Jules Verne, höfund bóka eins og *Sæfarinn : (ferðin í kringum hnöttinn neðansjávar)* og *Leyndardómar Snæfellsjökuls*.

Aðrir áhrifamiklir höfundar frá þessum tíma eru meðal annarra Émile Zola, Honoré de Balzac og Guy de Maupassant.

Meðal þekktustu höfunda 20. aldarinnar eru Albert Camus, Jean Paul Sartre, Marcel Proust og Antoine de Saint Exupéry, höfundur sögunnar *Litli prinsinn*, sem hefur notið mikilla vinsælda meðal barna og fullorðinna um allan heim. Lengi vel áttu Frakkar fleiri Nóbelskáld af sviði bókmennta en nokkur önnur þjóð.